

Ed.

255. Breytingartillaga

[129. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í stað 2. og 3. málslíðar 2. málsgreinar 3. gr. frumvarpsins komi þrír nýir málslíðir er orðist svo:

Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram.